

Fundur
Gimli, Lækjargata 3
101 Reykjavík

Mættir á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM). Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður KÍM er fjarverandi og Klara Þórhallsdóttir, verkefnastjóri KÍM, ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Myndlistarsjóður: Fyrri úthlutun 2022. Matsnefndir hafa lokið störfum sínum og eru tillögur þeirra að úthlutun lagðar fram til samþykktar.

Fulltrúar myndlistarráðs í matsnefndum (Dagný Heiðdal og Margrét Elísabet Ólafsdóttir) kynna niðurstöður nefndanna og fara efnislega yfir þau verkefni sem mælst er til að hljóti styrk úr sjóðnum í fyrri úthlutun ársins. Myndlistarráð úthlutar 47 milljónum í þessari fyrri úthlutun en sjóðnum bárust 198 umsóknir og sótt var um fyrir rúmum 221 milljónum kr. Skipting umsókna á milli flokka eru eftirfarandi:

Sýningarverkefni (57 verkefni):	29.140.000 kr.
Útgáfu-, rannsóknir-, og aðrir styrkir (19 verkefni):	12.220.000 kr.
Undirbúningsstyrkir (9 verkefni):	5.640.000 kr.

Matsnefndarstörf gengu vel og fjölbreytnin var góð, verkefni voru bæði utan landsteinanna og innan, en líka vítt og breitt um landið. Hæsta styrkinn í flokki sýningarverkefna eða 2,5 m.kr. hlaut Verksmiðjan á Hjalteyri fyrir sýningardagskrá fyrir árið. Kling & Bang hlýtur 1.500.000 kr. fyrir þremur sýningum á árinu. Fjölmörg verkefni hlutu styrki á bilinu 300-900 þús.kr. þar á meðal fjölmargar einkasýningar og samsýningarverkefni.

Í flokki undirbúningsstyrkja eru tveir sem hljóta hæsta styrk eða 1. m. kr. það er Kling & Bang fyrir sýningarverkefnið Pussy Riot og myndlistarmaðurinn Rúrí hlýtur 1.m. kr. fyrir undirbúning á einkasýningu sinni í Museu Internacional de Escultura Contemporánea MIEC_ST í Santo Tirso í Portúgal sem opnar í janúar 2023.

Í flokki útgáfu-, rannsóknar-, og aðrir styrkir voru tveir hæstu styrkirnir 1. m.kr. en það var Aðalheiður S. Eysteinsdóttir fyrir verkefnið *Frjó Afmælishátíð* sem haldin verður í tilefni áratuga afmæli Alþýðuhússins á Siglufirði og myndlistarmaðurinn Magnús Tumi Magnússon hlýtur styrk fyrir útgáfu bókar sem verður gefin út af Space Petry forlaginu. Ýmis önnur verkefni hlutu styrki á bilinu 300-900 þús. kr. styrki í þessum flokki. Meðal annars listamenn sem hyggja á vinnustofur erlendis, 40 ára afmælisrit SÍM og viðburðar- og sýningardagskrá listamannarekna rýmisins OPEN svo fátt eitt sé nefnt.

Myndlistarráð samþykkti tillögur matsnefnda með fyrirvara um eina umsókn sem þótti ástæða til að endurskoða vegna óstyrkhæfra kosntaðarliða sem var í flokki sýningarverkefna. Matsnefnd hittist og gerði örliðlar breytingar sem voru í kjölfarið samþykktar.

Matsnefndir höfðu orð á því að gott væri að gera kröfu til umsækjenda að láta nánari kostnaðaráætlun fylgja umsóknum þar sem oft vantaði inn réttar upplýsingar í kostnaðaráætlunina sem fyrir er í umsóknarforminu. Stundum eru upphæðirnar ekki í samræmi við verkefni og gott væri að láta fylgja frekari skýringar á kostnaðarliðum.

2. Íslensku myndlistarverðlaunin 2022

Allir voru sammála um að athöfnin þetta árið hafi tekist vel og myndlistarráð þakkar starfsmönnum fyrir vel unnin störf. Dagskrársniðið mætti endurnýta að ári.

Kristján Guðmundsson sem hlaut heiðursviðurkenningu myndlistarráðs sendir kveðju.

Aftur á móti var dræm fjölmiðlaumfjöllun og myndlistarráð saknaði þess að sjá ekki umfjöllun í ríkisfjölmiðlinum RUV. Því var samþykkt að senda formlegt bréf til útvarpsstjóra og vekja athygli á vöntun á umfjöllun um þennan mikilvægum viðburði á sviði myndlistar en samrit af bréfinu yrði einnig sent til allra meðlima útvarpsráðs

Allir voru sammála um að samvinnan við tímaritið Myndlist á Íslandi hafi verið ánæguleg og tímaritið vel heppnað.

3. Önnur mál

Engin önnur mál

Næsti fundur er óráðin en engin mál eru á dagskrá að svo stöddu. Nýtt myndlistarráð mun taka til starfa í júní og Klara mun boða til fundar ef efni standa til fyrir þann tíma.